

Nd.

41. Frumvarp til laga

[38. mál]

um breyting á lögum nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978).

1. gr.

Í stað orðanna „sex mánuðum eftir að þau eru staðfest“ í 1. mgr. 54. gr. komi: 1. nóvember 1979.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum nr. 56, 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, er gert ráð fyrir því, að þau öðlist gildi 6 mánuðum eftir staðfestingu þeirra. Samkvæmt þessu eiga lögin að koma til framkvæmda þ. 16. nóvember 1978. Efni þessa frumvarps er lenging þessa gildistökufrests til 1. nóvember 1979 eða um tæpt eitt ár. Ýmsar ástæður eru til þess, að nauðsynlegt er að framlengja gildistökufrestinn. Í drögum að frumvarpi til laga um verðlagsmál, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sem samín voru á árunum 1976—1977, var gert ráð fyrir eins árs gildistökufresti. Var það rökstutt með því, að hér væri um að ræða viðtæk nýmæli í íslenskum rétti, sem krefðust mikils undirbúningsstarfs. Um væri að ræða stefnubreytingu í verðlagsmálum, sett væri samkeppnislöggjöf, sem að öllu leyti væri nýmæli í íslenskum lögum og stefnt að stóráukinni opinberri neytendavernd. Áður en gengið var frá drögum þessum í endanlegt frumvarpsform, voru nokkrar breytingar gerðar á þeim, þ. á m. var gildistökufrestur stytur úr einu ári í sex mánuði. Þótti þegar sýnt, að þessi aðlögunartími væri of skammur nema strax væri tryggt fé til að standa straum af kostnaði við hinar viðtæku skipulagsbreytingar, sem lögin gera ráð fyrir. Þessar skipulagsbreytingar felast m. a. í því að koma þarf á fót nýjum stjórnvöldum til að annast framkvæmd laganna og endurskipuleggja hin eldri. Verðlagsráð kemur í stað núverandi verðlagsnefndar og verður skipan þess og hlutverki breytt verulega frá því sem nú er. Nýtt stjórnvald, samkeppnisnefnd, skal sett á stofn og á að hafa með höndum ákvörðunarvald í nokkrum mikilvægum málum. Ný stofnun, verðlagsstofnun, skal taka við af núverandi verðlagsskrifstofu, en verkefni verða mjög breytt frá því sem nú er og ýmiss ný bætast við sökum gjörbreyttra laga. M. a. skal starfa við stofnunina sérstök neytendamáladeild, sem skal annast framkvæmd V. kafla laganna, sem fjallar um ólögæta viðskiptahætti og neytendavernd.

Sökum nýrra og breyttra verkefna þarf verðlagsstofnun á auknu og sérhæfðara starfsliði að halda en núverandi verðlagsskrifstofa hefur yfir að ráða.

Nokkur undirbúningur hefur farið fram vegna hinna nýju laga, en mjög margt er ógert ennþá og engar heimildir af hálfu fjárveitingavalds liggja fyrir til aukningar eða breytinga á starfsliði. Óvissa í stjórn mála allt s. l. sumar á verulegan þátt í því, að framgangur þessara mála hefur tafist.

Í samstarfsyfirlýsingu þeirra stjórnmalaflokka, er standa að núverandi ríkisstjórn eru ákvæði um, að gildistöku 8. gr. hinnar nýju verðlagsslöggjafar skuli frestað.

Jafnframt er talið brýnt að fresta gildistöku laganna, þar sem nú stendur yfir sérstök rannsókn á innflutningsstarfseminni. Kann að reynast nauðsynlegt að gera

breytingar á lögnum í samræmi við niðurstöður rannsóknarinnar. Þá verður og til athugunar, hvort aðrar lagfæringar ber að gera á lögnum, t. d. á 8. grein þeirra.

Með tilliti til þeirra ástæðna, sem að framan eru greindar, þykir allt mæla með því, að gildistöku laganna í heild verði frestað, þannig að gildistökufræstur verði framlengdur til 1. nóvember 1979.